

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2003/EES/23/25

frá 9. september 1994

um tilhögun tímabundinnar tilraunar til sölu á fræi í lausu til notenda (*)

(94/650/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fôðurjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/19/EBE ⁽²⁾, einkum 13. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/2/EBE ⁽⁴⁾, einkum 13. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt ákvæðum fyrrnefndra tilskipana má einungis markaðssetja fræ og sáðkorn í lokuðum umbúðum með lokunarbúnaði og merkingum.

Miðað við núgildandi framkvæmd á markaðssetningu fræs, einkum aðferðir við að flytja fræ í lausu til notenda, er nauðsynlegt að einfalda ákvæðin um lokunarbúnað og merkingar á pökkum.

Því hefur verið haldið fram að sala á fræi í lausu til notenda geti stuðlað að umtalsverðri lækkun kostnaðar í tengslum við pökkun, umbúðaefni og förgun.

Því hefur einnig verið haldið fram að sala á fræi í lausu til notenda hafi engin óheppileg áhrif á gæði fræsins miðað við þau gæði sem fást með núgildandi kerfi.

Ekki er hægt að staðfesta þessar fullyrðingar á vettvangi bandalagsins enn sem komið er á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir.

Því ber að skipuleggja tímabundna tilraun með sérstökum skilyrðum í þeim tilgangi að meta hvort framangreindar fullyrðingar standast á vettvangi bandalagsins.

Skilyrðin fyrir þessari tilraun ber að skilgreina með þeim hætti að unnt sé að safna sem mestum upplýsingum á vettvangi bandalagsins, þannig að hægt sé að draga ályktanir með tilliti til hugsanlegra síðari breytinga á ákvæðum bandalagsins.

Að því er tekur til þessarar tilraunar ber að leysa aðildarríkin undan tilteknum skuldbindingum sem mælt er fyrir um í viðkomandi tilskipunum.

Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Hér með er tímabundin tilraun innleidd á vettvangi bandalagsins, með þeim skilyrðum sem eru tilgreind í 2. gr., í þeim tilgangi að meta hvort sala á fræi í lausu til notenda

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 252, 28.9.1994, bls. 15, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2002 frá 25. júní 2002 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 49, 3.10.2002, bls. 17.

⁽¹⁾ Stjtið EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

⁽²⁾ Stjtið EB nr. L 104, 22. 4. 1992, bls. 61.

⁽³⁾ Stjtið EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 54, 5. 3. 1993, bls. 20.

getur stuðlað að lækkun kostnaðar í tengslum við þökkun, umbúðaeftirbætur og förgun án þess að það hafi óheppileg áhrif á gæði þess fræs sem notendum stendur til boða.

2. gr.

Skilyrðin, sem um getur í 1. gr., skulu vera sem hér segir:

- a) tilraunin takmarkast við vottað fræ í öllum flokkum af:
 - gráertum,
 - hestabaunum,
 - korni, nema maís;
- b) ílát með fræi, sem á að selja beint til notanda, skulu innihalda fræ sem hefur verið vottað í samræmi við kröfur í tilskipun 66/401/EBE eða tilskipun 66/402/EBE eftir því sem við á;
- c) fræið skal selt beint til notanda;
- d) ílátinu, sem notandinn setur fræið í, skal lokað þegar það er orðið fullt;
- e) með fyrirvara um 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 66/401/EBE eða 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 66/402/EBE, eftir því sem við á, skal taka opinbert sýni, að minnsta kosti slembisýni, þegar verið er að fylla ílátin sem um getur í d-lið;
- f) upplýsingarnar á opinbera merkimiðanum skulu einnig standa á fylgiseðli sem seljandinn afhendir notandanum;
- g) seljandinn skal, í lok hvers almanaksárs, tilkynna viðkomandi vottunaraðila um það magn af fræi sem er selt í lausu;
- h) vottunaraðili skal fylgjast með tilrauninni;

- i) taki aðildarríki þátt í tilrauninni skal það afhenda hluta af sýnunum, sem um getur í e-lið, til samanburðarprófana bandalagsins.

3. gr.

Þau aðildarríki sem taka þátt í tilrauninni eru hér með leyst undan beitingu ákvæða 9. og 10. gr. tilskipunar 66/401/EBE eða 9. og 10. gr. tilskipunar 66/402/EBE eftir því sem við á.

4. gr.

1. Öll aðildarríkin geta tekið þátt í tilrauninni.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hvort þau vilja taka þátt í tilrauninni.
3. Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin, fyrir lok hvers árs, skýrslu um árangur og niðurstöður úr tilrauninni.
4. Tilraunin skal hefjast 1. september 1994 og henni skal ljúka 31. desember 1997. Aðildarríkin geta tekið ákvörðun um að hætta þátttöku í tilrauninni fyrir 31. desember 1997 telji þau að framkvæmd hennar kunnri að hafa óheppileg áhrif á gæði fræsins. Þau skulu þegar í stað tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni það.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. september 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

René STEICHEN

framkvæmdastjóri.